

# Stefnumörkun



Sambands Íslenskra  
sveitarfélaga

---

► 2022-2026



# EFNISYFIRLIT



## Inngangur

**1.**

Meginmarkmið og leiðarljós

**2.**

Hlutverk sambandsins

**3.**

Samskipti við ríkið og tekjustofnar

**4.**

Velferð, mannréttindi og lýðræði

**5.**

Menntun og velferð barna

**6.**

Skipulags- og húsnæðismál

**7.**

Umhverfis- og loftslagsmál

**8.**

Byggðamál, atvinna og innviðir

**9.**

Nýsköpun, stafræn þróun og umbreyting

**10.**

Vinnumarkaðsmál



# Inngangur

Frá því snemma í vor hefur starfsfólk sambandsins í samstarfi við kjörna fulltrúa, starfsfólk sveitarfélaga og stjórn sambandsins unnið að undirbúningi að stefnumörkin sambandsins fyrir árin 2022-2026. Haldnir voru fimm fjölmennir fundir með þátttöku kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga þar sem rædd voru afmörkuð mál. Upplegg fundanna var að fá fram þær áherslur sem sambandið ætti að leggja næstu fjögur árin.

Í framhaldinu voru haldnir fundir með fastanefndum sambandsins og að því loknu fór starfsfólk sambandsins yfir gögn fundanna og bætti við áherslum. Þá tók stjórn skjalið til umfjöllunar á vinnufundi stjórnar 23.-24. júní 2022, unnið var úr þeim ábendingum sem þar komu fram og skjalið lagt fyrir stjórn að nýju 26. ágúst 2022.

Stefnumótunin var síðan tekin til umfjöllunar á landsþingi sambandsins á

Akureyri dagana 28. – 30. september 2022. Landsþingsfulltrúar skiptu sér í fjóra hópa og fóru skipulega yfir hvert markmið og gerðu eftir atvikum tillögur að breytingum. Skjalinu var svo vísað til stjórnar til endanlegrar afgreiðslu. Stjórnin tók skjalið fyrir á vinnufundi 21. nóvember 2022 þar sem bæði aðal- og varafulltrúar í stjórn fóru yfir skjalið og var það endanlega samþykkt á fundi stjórnar þann 25. nóvember 2022.

Það hefur því breiður hópur sveitarstjórnarfólks tekið þátt í þeirri stefnumótunarvinnu sem liggur að baki stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 sem nú hefur verið samþykkt. Eignarhald stefnumörkunarinnar er því víðtækt á sveitarstjórnarstiginu og mikill samhugur að baki henni. Nú tekur við vinna stjórnar og starfsmanna sambandsins við að finna leiðir til að ná þeim markmiðum sem fyrir liggja.

# 1. Meginmarkmið og leiðarljós

Mörg mikilvæg verkefni bíða sveitarstjórnarstigsins á því kjörtímabili sem nú fer í hönd. Í hagsmunagæslu sambandsins eru ávallt tiltekin leiðarljós sem horft er til við framkvæmd hagsmunagæslunnar. Þar er einkum litið til þess að standa vörð um sjálfstjórnarrétt sveitarstjórna, nálægðarreglu og meðalhófsreglu. Ríkisstjórnin hefur boðað endurskoðun á stefnu í málefnum sveitarfélaga, grænþækur verða unnar um fjölmörg mál sem varða sveitarstjórnarstigið og yfir standa viðræður um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga ásamt því að unnið er að endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Gera verður kröfu um vandað samráð um og kostnaðarmat á öllum hugmyndum um breytingar á verkaskiptingu í opinberri þjónustu og að heildarsýn ráði ferð varðandi breytingar, s.s. á skipulagi heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Stefnumörkuninni í heild er ætlað að endurspegla þessar áskoranir eftir því sem frekast er unnt og nýtast sem leiðarvísir fyrir stjórn og starfsfólk sambandsins á kjörtímabilinu.

1.1

Öflugt sveitarstjórnarstig er ein meginstoð velferðar íbúanna.

1.2

Sveitarstjórnarstigið á að vera hornsteinn lýðræðis og mannréttinda.

1.3

Sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar. Stefnit skal að því að jafnréttis- og mannréttindasjónarmið, s.s. alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, verði fléttuð inn í alla stefnumótun og lagasetningu sem snýr að sveitarfélögunum.

1.4

Sjálfstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd og tryggð í landslögum og stjórnarskrá í samræmi við sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga.

1.5

Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða og ná til alls lands sem og haf- og strandsvæða.

1.6

Sveitarfélögum skulu tryggðir fullnægjandi tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin með lögum.

1.7

Skattlagning af hálfu sveitarfélaga skal vera hófleg og byggja á því að ábyrgðar og hagkvæmni sé gætt við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar.

1.8

Jöfnunarkerfið skal gera öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögboðnum verkefnum með sambærilegum hætti.

1.9

Íbúar sveitarfélaga eigi kost á samfelldri og heildstæðri þjónustu sem skipulögð er með þarfir þeirra í huga.

1.10

Verkaskipting í opinberri stjórnsýslu skal vera skýr og miðast við að sveitarfélögin annist nærþjónustu miðað við staðbundnar aðstæður og þarfir.

**1.11**

Við setningu laga og reglugerða um verkefni sveitarfélaga skal leitast við að svigrúm einstakra sveitarfélaga verði eins mikið og kostur er til staðbundinnar aðlögunar við framkvæmd þeirra.

**1.12**

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verði leiðarljós við framkvæmd stefnumörkunar ásamt því að unnið verði markvisst að innleiðingu þeirra á sveitarstjórnarstigi.

## 2. Hlutverk sambandsins

Sambandið hefur það lögbundna hlutverk að vera málsvari allra sveitarfélaga í samskiptum við ríkið og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Öll mál, þjónusta og viðfangsefni sem sveitarfélögin sinna eru því til umfjöllunar í starfsemi sambandsins á einn eða annan hátt. Kappkostað er að þróa nána samvinnu við Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneyti og þær stofnanir ríkisins sem fjalla um mál er varða sveitarfélögin, svo framgangur þeirra verði í samræmi við áherslur sveitarfélaga.

Efling sveitarstjórnarstigsins, aukin gæði í þjónustu sveitarfélaga og traust og sanngjörn fjármögnun hennar eru undirliggjandi markmið í öllu starfi sambandsins. Gildandi stefnumörkun sambandsins hverju sinni er því leiðarljós alls þess er sambandið fæst við. Hlutverk þess er skýrt í þeim samþykktum sem um sambandið gilda og með samhljómi í stefnumörkuninni skapast frjór og sterkur grunnur fyrir sambandið að sækja fram til hagsbóta fyrir öll sveitarfélög.

**2.1**

Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á opinberum vettvangi og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi til eflingar sveitarstjórnarstigsins.

**2.2**

Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart ríkinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á.

**2.3**

Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrrsvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.

**2.4**

Að þjóna sveitarfélögum, landshlutasamtökum og öðrum samtökum þeirra á sviði lögbundinna verkefna og öðrum þeim sviðum sem sveitarfélög og samtök þeirra kalla eftir í takt við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstiginu.

**2.5**

Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis er láta sig sveitarstjórnarmálefni skipta.



2.6

Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál og miðla þekkingu og upplýsingum til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga með fjölbreyttum hætti. Samhliða því verði greiningarvinna sambandsins aukin og þróað mælaborð með fjölbættum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga.

2.7

Sambandið vinni að víðtæku samráði við sveitarstjórnarfólk þegar veigamikil mál eru til umfjöllunar ásamt því að kynna málstað sveitarfélaga fyrir almenningi.

2.8

Sambandið haldi úti virkri upplýsingamiðlun til almennings og taki þátt í opinberri umræðu um málefni sem tengjast verkefnum sveitarfélaga.

2.9

Sambandið vinni áfram á grundvelli stefnu um samfélagslega ábyrgð og nýti nýjustu tækni með sjálfbærni að leiðarljósi t.d. með stafrænum ráðstefnum, fundum og samráði. Þá auglýsi sambandi öll störf sem óstaðbundin störf.

2.10

Sambandið vinni að því að sveitarfélög virki samtakamátt sinn til að auka skilvirkni og nýsköpun í starfsemi sveitarfélaga. Sambandið vinni að stafrænni umbreytingu sveitarfélaga og samstarfi þeirra þar að lútandi.

2.11

Til að efla hagsmunagæslu verði Evrópuskrifstofa sambandsins í Brussel áfram fjármöggnuð úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og starfsemi hennar kynnt vel fyrir sveitarstjórnarfólki. Áhersla verði á að vakta breytingar á Evrópulöggjöf sem áhrif hafa á íslensk sveitarfélög og auka þátttöku þeirra í evrópskum samstarfsverkefnum.

2.12

Sambandið styður Samtök orkusveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, Hafnasamband Íslands og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum eins og kostur er og vinnur með þeim að sameiginlegum framfaramálum.

# 3. Samskipti við ríkið og tekjustofnar

Mörg mikilvæg verkefni bíða sveitarstjórnarstigsins á því kjörtímabili sem nú fer í hönd. Í hagsmunagæslu sambandsins eru ávallt tiltekin leiðarljós sem horft er til við framkvæmd hagsmunagæslunnar. Þar er einkum litið til þess að standa vörð um sjálfstjórnarrétt sveitarstjórna, nálægðarreglu og meðalhófsreglu. Ríkisstjórnin hefur boðað endurskoðun á stefnu í málefnum sveitarfélaga, grænbækur verða unnar um fjölmörg mál sem varða sveitarstjórnarstigið og yfir standa viðræður um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga ásamt því að unnið er að endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Gera verður kröfu um vandað samráð um og kostnaðarmat á öllum hugmyndum um breytingar á verkaskiptingu í opinberri þjónustu og að heildarsýn ráði ferð varðandi breytingar, s.s. á skipulagi heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Stefnumörkuninni í heild er ætlað að endurspegla þessar áskoranir eftir því sem frekast er unnt og nýtast sem leiðarvísir fyrir stjórn og starfsfólk sambandsins á kjörtímabilinu.

3.1

Sambandið tekur þátt í vinnu við samhæfingu fjármála og stefnu ríkis og sveitarfélaga. Í því skyni þarf m.a. að bæta vinnubrögð og samráð við undirbúning samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál. Samkomulagið verði jafnframt nýtt í meira mæli til umbóta í opinberri stjórnsýslu.

3.2

Sambandið vinni að því að fyrirkomulag kostnaðarmats verði endurskoðað og styrkt. Áhersla er lögð á að allar tillögur ríkisins að stefnumarkandi ákvörðunum, s.s. lagafrumvörp og reglugerðir sem kunna að hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög verði vandlega kostnaðarmetnar og tilgreint hvernig útgjöld verði fjármögnuð. Viðtaka verkefna taki mið af kostnaðarþátttöku og áskilnaði um endurskoðun.

3.3

Sambandið leggi áherslu á sjálfstæða tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Sveitarfélög fái hlutdeild í fjármagnstekjusköttum og aukna hlutdeild í sköttum einkahlutafélaga svo tryggt verði að allir skattgreiðendur greiði sanngjarnan hlut skatta sinna til sveitarfélaga. Einnig fái sveitarfélög hlutdeild í auðlindagjaldi.

3.4

Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði lokið sem fyrst. Við gerð tillagna um breytingar verði horft til þeirra áskorana sem sveitarfélög standa frammi fyrir. Breytingar sem hafi veruleg fjárhagsleg áhrif á einstök sveitarfélög verði innleiddar í áföngum.

3.5

Sambandið beiti sér fyrir því að virðisaukaskattur verði afnumin af allri starfsemi sveitarfélaga og þá sérstaklega af skilgreindum innviðaframkvæmdum þeirra.

3.6

Sambandið leggur áherslu á að fasteignaskattar séu greiddir af öllum fasteignum. Þá verði laga- og regluhverfi fasteignaskatta tekið til heildarendurskoðunar með það að markmiði að auka fyrirsjáanleika. Í þeirri vinnu verði litið til allra þátta þ.e. álagningar, útreiknings fasteignamats og tenginga við regluverk Jöfnunarsjóðs.

3.7

Sveitarfélög séu undanskilin fjármagnstekjuskatti.

3.8

Í yfirstandandi viðræðum sveitarfélaga og ríkisins leggi sambandið þunga áherslu á að fá fjárhagslega leiðréttingu frá ríkinu til að standa undir útgjöldum sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, en gríðarlegur vöxtur útgjalda er einkum til kominn vegna aukinna krafna í löggjöf og reglum um hærra þjónustustig. Jafnframt verði teknað upp viðræður við ríkið um framtíðarfyrirkomulag og fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.



# 4. Velferð, mannréttindi og lýðræði

Lögð er áhersla á að tryggja beina aðkomu sveitarstjórnarstigsins að stefnumótun og mótun tímasettra og fjármagnaðra aðgerðaáætlana í velferðarþjónustu. Til framtíðar litið þurfa ríki og sveitarfélög að vinna sameiginlega að því að mæta áskorunum sem snúa að lýðfræðilegum breytingum sem felast m.a. í hærra hlutfalli aldraðra og innflytjenda.

Bæta þarf aðgengi að velferðarþjónustu um allt land og veita skilvirkari þjónustu með nýtingu tæknilausna og samþættingu þjónustu. Þá eru markvissar forvarnaaðgerðir, s.s. heilsueflandi aðgerðir og snemmbær stuðningur einnig mjög mikilvæg úrræði til að draga úr kostnaði við velferðarþjónustuna til lengri tíma.

Jafnframt þarf að huga sérstaklega að mönnunarfanda í velferðarþjónustu. Þá býður aukið samráð og samstarf við íbúa upp á tækifæri til að auka skilning íbúa á þjónustuáskorunum og fá þá til að axla meiri ábyrgð.

Sveitarfélögin þurfa að tileinka sér markvissar aðferðir til að ná til íbúa og skapa áhuga meðal þeirra á að taka þátt í staðbundnu lýðræði bæði við kosningar og á milli kosninga. Tryggja þarf aðgengi út frá ólíkri stöðu íbúa svo að öllum sé gert kleift að taka þátt og beita sértækum aðferðum til að ná til einstakra hópa, svo sem innflytjenda og ungs fólks.

4.1

Sambandið beiti sér fyrir skýrri ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í félags- og heilbrigðisþjónustu.

4.2

Sambandið vinni að framgangi viljayfirlýsingar um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk með það að markmiði að tryggja betri þjónustu við þennan hóp m.a. með samþættingu á þjónustu, forvörnum, heilsueflingu og aukinni virkni fólks.

4.3

Sambandið beiti sér fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga og ríkisins um málefni fatlaðs fólks. M.a. verði lögð áhersla á að skýra ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og að auka samstarf milli heilbrigðisþjónustu og þjónustu á vegum sveitarfélaga ásamt því að veita auknu fjármagni til þjónustu á vegum sveitarfélaga.

4.4

Unnin verði heildarstefna um málefni fatlaðs fólks með forgangsraðaðri og fjármagnaðri aðgerðaáætlun. Sérstök áhersla verði lögð á að stytta biðlista eftir búsetuúrræðum og tryggja samfellu í þjónustu þegar fatlaður einstaklingur nær fullorðinsaldri.

4.5

Sambandið nái samkomulagi við ríkið um áframhaldandi aðkomu þess að fjármögnun NPA þjónustu og framtíðarfyrirkomulagi.

4.6

Sambandið vinni aðgerðaáætlun um breytingu virkniúrræða/aðgreindra vinnustaða yfir í atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

4.7

Sambandið styðji við sveitarfélög til þess að framfylgja frumkvæðisskyldu þeirra gagnvart notendum lögbundinnar þjónustu.



4.8

Sambandið beiti sér fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga og ríkisins um málefni fólks af erlendum uppruna til að sinna þörfum þessara íbúa.

4.9

Sambandið beiti sér fyrir því að ríkið taki ábyrgð á stöðu einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd og veiti sveitarfélögum fjármagn fyrir grunnþjónustu þeirra.

4.10

Sambandið vakti framkvæmd samkomulags um samræmda móttöku flóttafólks ásamt því að kynna fyrirkomulagið fyrir sveitarfélögum.

4.11

Sambandið beiti sér fyrir auknu samstarfi og skýrri ábyrgðarskiptingu sveitarfélaga og ríkisins um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Lögð verði áhersla á að koma á hjúkrunarrými fyrir þann hluta hópsins sem glímir við mikinn heilsubrest.

4.12

Sambandið beiti sér fyrir því að í vinnu við heildarendurskoðun á lagaramma um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verði lögð áhersla á samspil opinberra framfærslukerfa og hlutverk ólíkra greiðslna skilgreint. Framkvæmd fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði til þess að styðja við virkni og þátttöku með valdeflingu að leiðarljósi og í samráði við notendur.

4.13

Sett verði stefna um velferðartækni og nýsköpun í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Sérstaklega verði fjallað um mikilvægi þverfaglegs samstarfs við innleiðingu velferðartækni í félags- og heilbrigðisþjónustu ásamt tímasettri og fjármagnaðri framkvæmdaáætlun.

4.14

Lögð verði áhersla á að ríki og sveitarfélög vinni sameiginlega að því að sporna gegn langtímaatvinnuleysi, með sérstakri áherslu á að fólki án atvinnu verði tryggð viðeigandi fræðslu- og virkniúrræði.

4.15

Settur verði rammi um hlutverk sveitarfélaga og stuðning ríkisins til heilsueflingar íbúa og annarra forvarnaaðgerða. Áfram verði unnið með Embætti landlæknis að framkvæmd heilsueflandi aðgerða og lýðheilsustefnu.

4.16

Sambandið vinni í samstarfi við Fjölmenningarsetur og Jafnréttisstofu að því að styðja sveitarfélög í gerð jafnréttisáætlana, á grundvelli laga um stjórnáætlun jafnréttismála, og aðgerðum til að fylgja þeim eftir.

4.17

Sambandið haldi áfram að byggja upp þekkingu í sveitarfélögum á markvissum aðferðum til íbúasamráðs og -þátttöku á grundvelli handbókar sambandsins og stefnumótandi áætlunar um málefni sveitarfélaga.

4.18

Sambandið beiti sér fyrir því að auka kosningaþátttöku og almenna lýðræðisþátttöku allra íbúa. Lögð verði sérstök áhersla á þekkingaruppbyggingu og aðgerðir til að ná til íbúa af erlendum uppruna og ungs fólks og aðgerðir til að auka kosningaþátttöku og lýðræðislega virkni þessara hópa, í gegnum tilheyrandi ráð og aðgerðir.

4.19

Sambandið vinni að því að sveitarfélög fái sem fyrst aðgang að rafrænni kjörskrá og rafrænu kosningakerfi m.a. fyrir íbúakosningar.

4.20

Sambandið styðji við að umbótatillögur um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa komist til framkvæmda í samræmi við þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

4.21

Sambandið styðji við að sveitarfélögin komi upp virkum ungmennaráðum og auki samráð við börn og ungmenni. Stjórn sambandsins fundi með ungmennaráðum sveitarfélaganna um málefni sem þau vilja að sambandið vinni að.

# 5. Menntun og velferð barna

Markviss samvinna ríkis og sveitarfélaga er mikilvæg fyrir menntun og velferð barna og brynt er að auka skilvirka nýtingu fjárframlaga til menntamála. Menntun og skólustarf þarf að þróast í takti við tímann og leggja þarf áherslu á færni sem nýtist til framtíðar.

Tryggja þarf börnum um allt land jöfn tækifæri til menntunar, auka aðgengi þeirra að fjölbreyttum úrræðum og stuðla að því að markmið laga um samþættingu þjónustu í þágu

farsældar barna nái fram að ganga m.a. með skýrri ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Það er áskorun fyrir sveitarfélögin að bregðast við ákalli um fjölskylduvænt samfélag. Taka þarf upp samtal við ríki og atvinnulíf um að mæta þeirri áskorun.

5.1

Sambandið aðstoði sveitarfélögin við innleiðingu farsældarlaganna og vinni að því að nægilegt fjármagn frá ríkinu fylgi verkefninu til framtíðar.

5.2

Sambandið styðji sveitarfélög í að vera leiðandi við innleiðingu menntastefnu 2030.

5.3

Sambandið beiti sér fyrir því öll börn njóti jafngildrar menntunar og kennslu um allt land. Leggja þarf m.a. áherslu á starfsþróun og valdeflingu kennara, stjórnenda og annars starfsfólks skóla.

5.4

Sambandið stuðli að því að komið verði á formlegum samstarfsvettvangi helstu hagsmunaaðila með það að markmiði að fylgja eftir frekari innleiðingu fjármögnunarverkefnisins um ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla.

5.5

Sambandið beiti sér fyrir virkum samstarfsvettvangi ríkis og sveitarfélaga við að innleiða samhæfða skólaþjónustu þvert á leik-, grunn- og framhaldsskólastig skv. aðgerðaáætlunum menntastefnu, byggðaáætlunar og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

5.6

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri skoðun og samfélagslegu samtali um þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára í samstarfi allra hagaðila með vellíðan barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

5.7

Sambandið fari í viðræður við ríkið um að gera rekstur leikskóla lögbundið hlutverk sveitarfélaga og semji um tekjustofna til þjónustunnar.

5.8

Sambandið vinni markvisst að því í samstarfi við ríkið að fjölga í starfsstéttum þeirra sérfræðinga sem vinna að stuðningi við börn, tryggja úrræði fyrir öll börn sem þurfa á stuðningi að halda og stytta biðlista eftir þjónustu.

5.9

Sambandið leggi áherslu á samtal og samvinnu sveitarfélaga og ríkis vegna stuðnings við börn í viðkvæmri stöðu s.s. börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, börn með fjölbreyttar stuðningsþarfir, börn á flóttu eða börn með fötlun.

5.10

Sambandið leggi sérstaka áherslu á að ríkið standi við sínar lögbundnu þjónustuskilyldur gagnvart börnum í fjölbreyttum vanda. Tryggt verði að úrræði fyrir þennan hóp verði fjármögnuð að fullu með verulegri þátttöku ríkisins.



5.11

Sambandið beiti sér fyrir því að tryggt sé að greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga renni í grunnskólamenntun barna af erlendum uppruna, óháð sveitarfélagi.

5.12

Sambandið leggi áherslu á samtal og samvinnu sveitarfélaga og ríkis með það að leiðarljósi að vinna gegn fátækt á meðal barna.

5.13

Sambandið beiti sér fyrir að sveitarfélög mæti börnum þar sem þau eru stödd námslega og auki stuðning við bráðger börn.

5.14

Sambandið styðji við farsæla innleiðingu breytinga á stjórnsýslu barnaverndar í sveitarfélögunum og beiti sér fyrir því að kostnaður við breytingarnar verði vaktaðar og ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélög.

5.15

Sambandið vinni að því að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að styrkja þjónustu, virkniúrræði og félagsstarf við aldurshópinn 16-18 ára. Unnið verði markvisst að því að brúa bilið milli grunnskóla og framhaldsskóla og vinna gegn brotthvarfi úr námi. Lögð verði áhersla á markvisst samstarf og samtal við ungmenni.

5.16

Sambandið vinni að því með ríki og sveitarfélögum að efla forvarnarstarf í þágu velferðar barna.

5.17

Sambandið beiti sér fyrir samstarfi ríkis og sveitarfélaga hvað varðar geðrækt barna og unglinga. Áhersla verði lögð á forvarnir og aðgengi fyrir öll börn í vanda að nauðsynlegum úrræðum og sérfræðipjónustu.

5.18

Sambandið vinni að því að komið verði á skýrum lagaramma um tónlistarskóla þar sem kveðið verði á um fjárhagslega og faglega ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á rekstri þeirra.

**5.19**

Sambandið beiti sér fyrir auknu samtali og samstarfi sveitarfélaga og ríkis á sviði íþróttta-, frístunda-, og æskulýðsmála sem og auknum stuðningi ríkisins við þann málaflokk með áherslu á aukinn stuðning til jöfnunar.

**5.20**

Sambandið hvetji til aukins samstarfs milli skóla og félags-, tómstunda- og íþróttastarfs um farsæld barna.

**5.21**

Sambandið stuðli að innleiðingu starfstengds náms á grunnskólastigi í samstarfi við atvinnulífið, stéttarfélög og samtök á því sviði.

## 6. Skipulags- og húsnæðismál

Rammisamningur milli ríkisins og sambandsins markar tímamót í húsnæðismálum og endurspeglar vilja til stórukins samstarfs um umbætur m.a. hvað varðar tölfræði, einföldun regluverks, framboð byggingarlóða, fyrirkomulag húsnæðisstuðnings og fleiri forsendur sem geta stuðlað að bættri

yfirsýn, vandaðri áætlunum og auknu jafnvægi á húsnæðismarkaði. Orðalag þessa kafla endurspeglar að stórum hluta viðfangsefni samningsins. Í þeim köflum sem á eftir koma er vitaskuld einnig vikið bæði beint og óbeint að viðfangsefnum á sviði skipulagsmála.

**6.1**

Sambandið skal beita sér fyrir einföldun löggjafar, ferla og samráðs í skipulags- og byggingarmálum. Áhersla verði lögð á að samþætta og stytta ferla og gera þá stafræna og auðskiljanlega fyrir almenning.

**6.2**

Núverandi fyrirkomulag við ráðstöfun skipulagsgjalds verði tekið til endurskoðunar. Tekjur af skipulagsgjaldi renni að fullu til sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar þeirra.

**6.3**

Sambandið vinni að markvissu samstarfi ríkis og sveitarfélaga um framþróun húsnæðismarkaðar um land allt á grundvelli húsnæðissáttmála og tillagna um umbætur í húsnæðismálum. Lögð verði áhersla á að uppbygging íbúðarhúsnæðis sé í forgangi.

**6.4**

Við gerð og framkvæmd húsnæðisáætlana verði leitast við að auka framboð fjölbreytts og hagkvæms íbúðarhúsnæðis, svo sem með uppbyggingu á vegum óhagnaðardrifinna leigufélaga.

6.5

Uppbyggingarheimildir í aðal- og deiliskipulagi verði tímabundnar til að stuðla að jafnara framboði íbúðarhúsnæðis. Skilmálar í lóðasamningum stuðli að sama markmiði og verði samræmdir.

6.6

Samstarf sveitarfélaga um gerð húsnæðisáætlana verði aukið og lagt kapp á að tengja þá vinnu markvisst við aðal- og svæðisskipulagsáætlanir. Stafrænar húsnæðisáætlanir virki sem stjórnæki og auðveldi yfirsýn um stöðu og horfur á húsnæðismarkaði á búsetu- og atvinnusvæðum.

6.7

Unnin verði áætlun um að útrýma óviðunandi og hættulegu íbúðarhúsnæði og sporna gegn óleyfilegri búsetu. Samhliða verði lögð áhersla á viðeigandi lausnir í húsnæðismálum fyrir þá sem búa í slíku húsnæði.

6.8

Sambandið beiti sér fyrir breytingum á lögum um lögheimili og aðsetur þar sem sérstaklega verið litið til fjölgunar þeirra sem skrá lögheimili án tilgreinds heimilisfangs. Við útfærslu lagabreytinga verði unnið út frá þeirri meginreglu að skipulag sveitarfélaga ráði því hvar heimilt er að skrá lögheimili og einnig hvar sveitarfélögum er skylt að veita þjónustu við íbúa.

6.9

Húsnæðisbætur verði sameinaðar og að því stefnt að greiðslur fari fram með samræmdum hætti, á grundvelli rauntímaupplýsinga. Jafnframt verði lagður grunnur að einu sameiginlegu greiðslukerfi fyrir húsnæðisstuðning og ríkið beri ábyrgð á fjármögnun hans.

6.10

Vistvæn mannvirkjagerð, mannvænt og vistvænt skipulag og aðlögun að loftslagsbreytingum verði leiðarljós sveitarfélaga í skipulagsgerð og húsnæðisuppbyggingu. Jafnframt er lögð áhersla á gæði húsnæðis og vistvæna uppbyggingu sem styður við vistvænan lífstíl íbúa.

6.11

Sambandið beiti sér fyrir því að lagaákvæði um heimagistingu verði tekin til endurskoðunar. Við þá endurskoðun verði litið til reynslu af áhrifum heimagistingar á húsnæðismarkað í sveitarfélögum. Haft verði að leiðarljósi að auka áhrif sveitarfélaga á umfang gististarfsemi innan sinna marka.



# 7. Umhverfis- og loftslagsmál

Aðgerðir í loftslagsmálum og bætt úrgangsmeðhöndlun í anda hringrásarhagkerfis verða í forgrunni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga á næstu árum. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki, m.a. í gegnum skipulag byggðar, við að draga úr samfélagslosun Íslands, þ.e. þeirri losun sem er á ábyrgð stjórnvalda.

Auka þarf þekkingu sveitarstjórna á helstu áskorunum og stjórnækjum sem stuðlað geta að loftslagsvænum samfélögum, með áherslu á m.a. orkuskipti, markvissa landnotkun og aðlögun að loftslagsbreytingum. Jafnframt þarf að auka þekkingu hjá sveitarfélögum á markmiðum hringrásarhagkerfisins og framkvæmd framlengdrar framleiðendaábyrgðar. Tryggt verði að auknar kröfur um

framleiðendaábyrgð leiði til lækkunar á kostnaði sveitarfélaga við úrgangsmeðhöndlun.

Skýra þarf hlutverk stofnana ríkisins og faglegan stuðning við sveitarfélög, m.a. varðandi loftslagsstarf þeirra, skipulag landnotkunar og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Lykilatriði er að til staðar séu áreiðanleg gögn s.s. um magn og meðhöndlun úrgangs, losun gróðurhúsalofttegunda og árangur af aðgerðum, mælanlegt eftir sveitarfélögum og landshlutum.

Tækifæri eru til að fjölga umsóknum frá sveitarfélögum um styrki til grænnar innviðauppbýggingar og ljóst er að mikil þörf er fyrir innviðauppbýggingu svo sem í fráveitu- og úrgangsmálum.

7.1

Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélögin verði leiðandi þátttakendur í umræðu og aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og laga samfélagið að þeim breytingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga.

7.2

Sambandið beiti sér fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga um gerð og framkvæmd loftslagsstefnu. Miðlað verði reynslu sveitarfélaga af árangursríkum aðgerðum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, auka kolefnisbindingu og vinna að aðlögun að loftslagsbreytingum.

7.3

Miðlægar upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda, bæði frá eigin rekstri og samfélagslosun, verði aðgengilegar skipt eftir sveitarfélögum og landshlutum og þróuð tæki til að mæla árangur aðgerða á samræmdan hátt.

7.4

Sambandið beiti sér fyrir því að ríkið styðji orkuskipti í samgöngum um allt land. Skipulag opinberrar þjónustu miði að því að draga úr ferðaþörf. Þá verði sérstaklega horft til þess að koma á framleiðslu á rafeldsneyti innanlands til nota í farartækjum.

7.5

Sambandið styðji sveitarfélög, í góðu samstarfi við ríkið, við að innleiða hringrásarhagkerfi hér á landi á hagkvæman og skilvirkan hátt. Áhersla verði á að draga úr myndun úrgangs, stuðla að sjálfbærri auðlindanotkun, lágmarka urðun úrgangs og tryggja góða þjónustu við íbúa og atvinnulíf og um leið auka fræðslu til eflingar umhverfisvitundar íbúa.



7.6

Gerð verði áætlun um nauðsynlega innviði til bættrar meðhöndlunar úrgangs, svo sem sorpbrennslu til orkunýtingar fyrir þann úrgang sem ekki verður endurnýttur, þar sem m.a. verði lögð áhersla á ábyrgð framleiðenda og forsvaranlega förgun áhættuúrgangs.

7.7

Við útfærslu á kerfi framleiðendaábyrgðar verði lögð höfuðáhersla á að kerfið styðji við innleiðingu hringrásarhagkerfis. Liður í því er að auka kröfur til framleiðenda og innflytjenda um að breyta framleiðsluferlum þannig að auðveldara verði að skila vörum og umbúðum aftur inn í virðiskeðjuna, s.s. með endurnotkun eða endurvinnslu.

7.8

Sambandið beiti sér fyrir áframhaldandi samstarfi um að ljúka uppbyggingu fráveituf framkvæmda og að byggja upp þekkingu á hagkvæmum og loftslagsvænum fráveitulausnum.

7.9

Sambandið beiti sér fyrir því að öll áform um nýja þjóðgarða og ný friðlýst svæði ásamt stækkun þeirra verði undirbúin í góðri sátt við hlutaðeigandi sveitarfélög.



# 8. Byggðamál, atvinna og innviðir

Áhersla verður á að þróa áfram samstarf ríkis og sveitarfélaga í byggðamálum í góðu samstarfi við landshlutasamtök. Lykilatriði til að skapa sem jöfnust búsetuskilyrði um allt land er uppbygging fjarskipta-

samgöngu- og raforkuinnviða og stafrænnar opinberrar þjónustu.

Nýta verður reynsluna af Covid-19 heimsfaraldrinum á jákvæðan hátt, svo sem til að dreifa opinberum störfum sem víðast um landið.

8.1

Sambandið hafi náið samráð við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra, ráðuneyti, stofnanir ríkisins og atvinnulíf til að stuðla að markvissri framkvæmd byggðaáætlunar. Samstarf og samráð sambandsins við fyrrgreinda aðila verði formfest.

8.2

Fjármagn til sóknaráætlana landshlutanna og atvinnuráðgjafar verði aukið. Fleiri ráðuneyti og aðrir aðilar komi að fjármögnun og umsýslukostnaði.

8.3

Lokið verði við gerð höfuðborgarstefnu og stefnu um svæðisbundið hlutverk Akureyrar. Jafnframt verði skoðað hvort að þörf sé á sambærilegum stefnum um svæðisbundið hlutverk annarra svæðiskjarna.

8.4

Vinnu við að virkja ívilnanir til endurgreiðslu námslána vegna skorts á ákveðnum starfsstéttum á tilteknum svæðum verði lokið.

8.5

Sambandið beiti sér fyrir áframhaldandi innleiðingu á stefnu um óstaðbundin störf.

8.6

Mikilvægur þáttur í að jafna búsetuskilyrði um allt land er víðtækt námsframboð í fjarnámi.

8.7

Sambandið beiti sér fyrir því að áfram verði stutt við endurgreiðsluferfi í innanlandsflugi Gerð verði úttekt á núverandi stuðningskerfi með það að markmiði að lagfæra framkomna vankanta og auka gæði þjónustunnar.

8.8

Sambandið vinni að auknu samstarfi Vegagerðarinnar og sveitarfélaga um uppbyggingu og viðhald vega, þar sem horft verði til áherslna heimamanna við forgangsröðun í einstökum landshlutum. Lögð verði sérstök áhersla á að bæta ástand tengivega.

8.9

Teknar verði upp viðræður við ríkið um gerð viðmiða um kostnaðarskiptingu framkvæmda, s.s. þegar um er að ræða nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna umhverfis eða íbúa.

8.10

Sambandið beiti sér fyrir því að auknu fjármagni verði varið til vetrarþjónustu vega utan þéttbýlis með það að markmiði að aðlaga þjónustuna að þörfum samfélagsins og atvinnulífs. Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um kostnaðarpátttöku sveitarfélaga vegna snjómoksturs verði teknar til endurskoðunar.



8.11

Auka þarf fjárhagslega aðkomu ríkisins að almenningssamgöngum og leggja áherslu á aðgerðir til að bæta þjónustu um allt land á hagkvæman hátt í heildstæðu kerfi almenningssamganga á lofti, landi og sjó. Leiðarljós verði að íbúar hafi raunverulegt val um samgöngumáta sem ræðst ekki síst af jafnræði í verði.

8.12

Fjármagn til uppbyggingar hjóla- og göngustíga, jafnt innan sem á milli sveitarfélaga, verði aukið til að styðja valfrelsi í samgöngum. Unnið verði að endurskoðun viðmiða og leiðbeininga til að stuðla að greiðri uppbyggingu.

8.13

Sambandið beiti sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu hágæða fjarskipta um allt land. Ljúka þarf ljósleiðaravæðingu og tryggja að öll heimili landsins hafi aðgang að öruggu neti og tryggu farsímasambandi til að jafna búsetuskilyrði.

8.14

Í stefnumörkun stjórnvalda í raforkumálum verði áfram lögð rík áhersla á náttúruvernd en einnig verði lagt mat á samfélagsleg og efnahagsleg áhrif virkjana ásamt þörf fyrir raforkuöryggi um allt land.

8.15

Sambandið beiti sér fyrir því að jafna raforkuverð bæði hjá fyrirtækjum og íbúum óháð búsetu og að uppbyggingu þriggja fasa rafmagns verði hraðað til að styðja við nýsköpun í atvinnulífi.

**8.16**

Áhersla verði lögð á aðgerðir til að auka jafnræði milli íbúa og fyrirtækja á köldum svæðum og þeirra sem eru á hitaveitusvæðum vegna húshitunar. Sérstaklega verði hugað að rekstrarumhverfi, þ.m.t. raforkukaupum, fjarvarmaveitna á köldum svæðum.

**8.17**

Áhersla verði á notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Styrkir til jarðhitaleitar, fjarvarmaveitna og þróunar nýrra orkugjafa verði auknir s.s. í tengslum við innleiðingu hringrásarhagkerfis.

**8.18**

Sambandið beiti sér fyrir því að ferlið við gerð og samþykkt rammaáætlunar verði tekið til gagngerrar endurskoðunar.

**8.19**

Mótuð verði stefna og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera.

**8.20**

Halda þarf áfram markvissri uppbyggingu og viðhaldi á ferðamannstöðum m.a. með því að fjölga áfangastöðum fyrir ferðamenn um allt land. Áfram þarf að styðja við alþjóðaflug til Akureyrar og Egilsstaða. Tryggja þarf að tekjur af gistináttaskatti renni til sveitarfélaga.

**8.21**

Unnin verði stefna og aðgerðaáætlun um brunavarnir í góðu samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Sambandið taki upp viðræður við ríkið og beiti sér fyrir því að sveitarfélög fái stuðning við gerð og framkvæmd brunavarnaáætlana.

**8.22**

Mótuð verði stefna um skipulag bráðapjónustu á grundvelli greiningar á þjónustupörf. Markmið verði að tryggja öryggi íbúa um allt land. Hlutverk slökkviliða við bráðapjónustu verði sérstaklega skilgreint.

**8.23**

Sambandið leggi áherslu á að tryggja aðkomu sveitarfélaganna við áætlanagerð í almannavörnum, svo sem við gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna náttúruvár, enda bera sveitarfélögin ábyrgð á gerð viðbragðsáætlana samkvæmt lögum um almannavarnir.

**8.24**

Sambandið beiti sér fyrir því að markaðar tekjur til ofanflóðavarna verði að fullu nýttar í slík mannvirki svo unnt verði að hraða uppbyggingu og mæta nýjum árskorunum vegna loftlagsbreytinga. Jafnframt taki ríkið aukna ábyrgð á viðhaldi ofanflóðamannvirkja.

**8.25**

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri endurskoðun lagaumhverfis um bætur og uppbyggingu vegna náttúruvár. Gera þarf sérstaka greiningu á þörf fyrir aukna tryggingavernd vegna loftlagsbreytinga.

**8.26**

Mótuð verði heildstæð stefna um fiskeldismál og nýtingu strandsvæða í sátt við umhverfið og íbúa, með beinni aðkomu sveitarfélaga. Fiskeldissjóður verði lagður niður og þess í stað fái sveitarfélög beina hlutdeild í auðlindagjaldi.

**8.27**

Brýnt er að unnin verði stefnumótun um landbúnað og fæðuöryggi þar sem lögð verði áhersla á sjálfbæra landnýtingu og byggt á flokkun landbúnaðarlands.



# 9. Nýsköpun, stafræn þróun og umbreyting

Til að sveitarfélög geti fylgt þeirri öru þróun sem á sér stað í umhverfi þeirra og mætt þeim áskorunum sem henni fylgir er lykilatriði að þau séu framfarasinnuð, tileinki sér nýsköpunarhugsun og nýti þau tækifæri sem stafræn umbreyting býður upp á. Það er bæði mikilvægt til að þau geti haldið áfram að veita íbúum gæðaþjónustu í þrengra tekjumhverfi vegna lýðfræðilegrar þróunar og einnig til að þau geti staðið sig í aukinni samkeppni um vinnuafli.

Stigin hafa verið mjög mikilvæg grundvallarskref til að stofna til samstarfs sveitarfélaga um stafræna umbreytingu og aukins samstarfs við ríkið og enginn vafi á því að slíkt samstarf er forsenda þess að sveitarfélög geti almennt verið fullgildir þátttakendur í stafrænni umbreytingu. Mikilvægt er að halda áfram að styrkja og efla samstarf sveitarfélaga um stafræna umbreytingu og aðra nýsköpun til að gera þau hæfari að mæta áskorunum nútímans.

9.1

Sambandið vinni áfram að því að hvetja til nýsköpunar í þjónustu og starfsemi sveitarfélaga í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið um eflingu nýsköpunar hjá hinu opinbera.

9.2

Sambandið vinni stefnumörkun og aðgerðáætlun um stafræna umbreytingu sveitarfélaga í góðu samstarfi við sveitarfélög og ríkið.

9.3

Auka þarf þekkingarstig kjörinna fulltrúa og annarra stjórnenda sveitarfélaga, starfsfólks, og annarra hagaðila á tækifærum stafrænnar umbreytingar, nýtingu tækni og nýsköpunar við úrlausn mála og áskorana.

9.4

Efla samstarf við ríkið (Stafrænt Ísland) til að sveitarfélög geti nýtt miðlægan vettvang, island.is, við þróun þjónustu fyrir sveitarfélög.

9.5

Sambandið skal vinna að pappírslausri stjórnsýslu sveitarfélaga og beita sér fyrir rafrænum skilum gagna og rafrænni skjalavörslu.

9.6

Upplýsingatækniinnviðir sveitarfélaga verði þróaðir á grundvelli sameiginlegra kröfulýsinga og út frá sjálfvirkni með það að markmiði að ná fram auknu rekstrarhagræði og bættri þjónustu samhliða því sem öryggi gagna er tryggt.

9.7

Stafrænt umbreytingarteymi sveitarfélaga verði miðlægur þjónustukjarni (e. center of excellence) með skilgreint umboð og hlutverk, mannað stafrænum leiðtogum í öllum landshlutum sem veita sveitarfélögum stuðning.

9.8

Unnið verði að bættu aðgengi kjörinna fulltrúa að upplýsingatækni kerfum sveitarfélaga.

9.9

Við innleiðingu stafrænna lausna þarf að gæta að því að þær séu aðgengilegar fyrir alla hópa samfélagsins.

**9.10**

Sambandið skal greiða fyrir samstarfi sveitarfélaga við ríkisstofnanir og einkaaðila um þróun grænna og snjallra verkefna sem hægt er að sækja um styrki til í gegnum evrópska og aðra viðkomandi sjóði.

**9.11**

Sambandið styðji sveitarfélög í innleiðingu heimsmarkmiðanna og eigi gott samstarf við verkefnisstjórn forsætisráðuneytisins um frekari eftirfylgni og þróun verkfærakistu og mælikvarða um framgang markmiðanna.

## 10. Vinnumarkaðsmál

Fyrirsvar fyrir sveitarfélögin í kjaramálum og fagleg ráðgjöf og stuðningur við sveitarfélög verða áfram eitt af lykilverkefnum sambandsins. Áhersla verður áfram á að þetta samstarfið við ríkið og Reykjavíkurborg í undirbúningi fyrir kjaraviðræður og í kjararannsóknnum. Sambandið vinni að einföldun á framkvæmd kjarasamninga.

**10.1**

Sambandið styðji sveitarfélögin eins og kostur er til að ná markmiðum í kjara- og mannauðsmálum.

**10.2**

Kjarasamningar sveitarfélaga styðji við skilvirka starfsemi rekstrareininga sveitarfélaga og séu ekki ákvarðandi um fyrirkomulag starfsemi þeirra.

**10.3**

Sambandið standi fyrir samtímaupplýsingaöflun um launaútgjöld sveitarfélaga með öflugum kjararannsóknnum.

**10.4**

Sambandið stuðli að jafnræði í launasetningu starfsfólks sveitarfélaga, þ.e. að sambærileg og jafnverðmæt störf séu launuð með sama hætti. Sambandið þróa áfram starfsmatskerfið SAMSTARF sem og starfsemi Jafnlaunastofu í samstarfi við Reykjavíkurborg og stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga.

**10.5**

Sambandið stuðli að samvinnu og samráði opinberra vinnuveitenda við gerð og efni kjarasamninga með það að markmiði að kjarasamningar taki mið af sameiginlegri kjarastefnu opinbers vinnumarkaðar og stefnu um opinber fjármál.

**10.6**

Sambandið vinni að samræmdu lagaumhverfi fyrir íslenskan vinnumarkað, þannig að sömu lög gildi fyrir kjarasamninga starfsfólks á opinberum og almennum vinnumarkaði.

**10.7**

Sambandið tekur virkan þátt í samstarfi aðila vinnumarkaðarins.

**10.8**

Kjaramálanefnd sambandsins verði eflid.

# Samband íslenskra sveitarfélaga



[www.samband.is](http://www.samband.is)



Facebook/sveitarfelog



Instagram:  
sambandislenskra  
sveitarfelaga3



Twitter/sambandis



[vimeo.com/samband](https://vimeo.com/samband)



[samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)

Mannauðshugsandi  
vinnustaður 2022  
HR MONITOR



JAFNLAUNAVOTTUN  
2020 - 2023



HEILSUEFLANDI  
vinnustaður